

Fundargerð

Efni fundarins: Vinnufundur

Dags.fundar: 15.1.2018	Staðsetning: Vonarland	Fundur settur 13:00
Fundarboðari: SV	Fundarritari:SV	Fundi slitið: 16:00

Fundarboðun send á / mættir og forfallaðir:

Mættir:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis /	Tölvupóstur
X	Anna Berg Samúelsdóttir	Fjarðabyggð	Anna.b.samuelsdottir@fjardabyggd.is
X	Árni Óðinsson	Landsvirkjun	Arni.odinsson@landsvirkjun.is
X	Freyr Ævarsson	Fljótsdalshérað	freyr@egilsstadir.is
x	Geir Sigurpáll Hlöðversson	Alcoa Fjarðaál	Geir.hlodverssson@alcoa.com
X	Guðrún Áslaug Jónsdóttir	Austurbrú	gudrun@austurbru.is
X	Hjalti Jóhannesson	Háskólinn á Akureyri	hjalti@unak.is
X	Lilja Dögg Björgvinsdóttir	Austurbrú	liljadb@austurbru.is
X	Sigrún Víglundsdóttir	Austurbrú	sigrunv@austurbru.is

Efni / dagskrá:

1. Ársfundur 2018

- Ákveðið að stefna á að halda ársfund þriðjudaginn 24. apríl kl. 14 – 18 á Hótel Héraði. Bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs verði beðinn að sjá um fundarstjórn.
- Áhersla verði lögð á hópavinnu þar sem skoðað verði hvernig Sjálfbærni-verkefnið geti nýst sveitarfélögum á Austurlandi. Til að svo megi verða þarf að tryggja að fulltrúar sveitarfélaganna mæti á fundinn.
 - Fljótlega verði óskað eftir fundum með fulltrúum Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar (félagsþjónusta, fræðsluvið, fjármálasvið) og rætt hvort og hvernig Sjálfbærni-verkefnið geti nýst sveitarfélögunum og hvort sveitarfélögin eigi eitthvað sem gagnast Sjálfbærni-verkefninu.
 - Anna Berg og Freyr skoði hverja hægt er að kalla til.
 - Fundað verði með fulltrúum hvors sveitarfélags fyrir sig og niðurstöður kynntar á ársfundinum sem innlegg fyrir hópastarf. Niðurstöður kynntar öðrum sveitarfélögum og þeim boðið að taka þátt í ársfundi.
 - Grundvallarspurningin verði: Hvernig getur Sjálfbærni-verkefnið nýst sveitarfélögum?
 - Nefnt að boða undirbúningsfund með fleiri aðilum.
- Einn fyrirlesari verði fenginn að, með erindi sem tengist byggðamálum og þróun svæða. Nefnt að Grétar Þór Eypórsson hefði flutt áhugavert erindi á ársfundi 2011, og athugandi væri að fá hann aftur. Hjalti nefndi nokkur verkefni sem hann tengist. Hjalti tók að sér að athuga með áhugaverð erindi fyrir fundinn.

2. Lógó og nýtt útlit Sjálfbærni-verkefnisins



- a. Fyrir fundinum lágu þrjár tillögur að merki Sjálfbærni- og vaxningarsviðsins og nokkrar hugmyndir um kynningarefni. Ákveðið að óska eftir að ein af þremur tillögum verði unnin áfram .
3. Skýrsla Félagsvísindastofnunar HÍ um mat á samfélagsvísnum og verklagi.
- a. Mikið efni í skýrslunni til að vinna úr. Rætt að gæta verði að því að breyta ekki söfnun / mælikvörðum nema að vel ígrunduðu máli. Tíu ár (tími gagnasöfnunar) er stuttur tími. Haldið verði áfram að vinna með efni skýrslunnar á ársfundi og hún verði undirstaða vinnunnar með sveitarfélögum.
 - b. Verkefnið er nú stutt í endurskoðunar- og rýnifasa. Umræða um hvað felst í því.
 - i. Samanburður við opinbera stefnumörkun
 - ii. Fá sérfræðinga að borðinu, erum við að mæla réttu hlutina, þ.e. hluti sem skipta raunverulegu máli ?
 - iii. Gæðamat – setja upp gátlista fyrir hvern vísi – sjálfsmat
 1. Nefnt að þó stofnvísar hæfi betur fyrir fjárhagsvísa, séu flæðivísar oft betri mælikvarði á samfélagsvísa.
 - iv. Þurfa þeir sem sinna verkefninu að fá námskeið/þjálfun til að geta sinnt því betur?
 - v. Rætt að yfirfara verkefnið kerfisbundið í hlutum þannig að t.d. 1/5 hluti vísa sé yfirfarinn árlega og þar með allt verkefnið á 5 árum.
 - c. Hrágögn:
 - i. Til að hægt sé að nýta gögnin til rannsókna þarf að vera hægt að nálgast hrágögn. Vinna við þetta er þegar hafin þ.s. niðurstöður eru nú birtar í Excel-töflum sem hægt er að vinna með
 - ii. Hluti af gögnum t.d. frá fyrirtækjunum berst starfsmönnum í tilbúnum myndum. Þetta þarf að skoða með ábyrgðarmönnum.
 - iii. Bent var á að skoða veflausn sjálfbærni- og vaxningarsviðsins á Norðausturlandi, en þar er verið að forrita viðmót sem sækir gögn beint í töflur.
 - d. Hagnýting annarra hagsmunaaðila
 - i. Spurningin „Hverjir eru viðskiptavinir verkefnisins“ hefur komið upp í hópastarfi á flestum ársfundum.
 - ii. Sveitarfélögin (sjá efni ársfundar), rætt hvort Austurbrú eigi að eiga rödd sem fulltrúi samfélagsins.
 - iii. Ferðaþjónustan
 - iv. Hjalti hafði samband við nokkra úr háskólasamfélaginu í haust. Fékk jákvæð viðbrögð við því að hafa þetta í handraðanum fyrir nemendur að vinna með.
4. Önnur mál
- a. Í upphafi skilgreindi verkefnið Austurland sem svæðið frá Langanesi í norðri til Skeiðarársands í suðri. Rætt var hvort ástæða væri til að endurskoða þá skilgreiningu í ljósi þess að Höfn tilheyrir nú Suðurlandi og Hagstofa búin að aðlaga sína vinnslu þeirri breytingu. Starfsmenn skoði betur hverju þetta breytir og hvaða vísnum.
 - b. Samþykkt að birta almennt fjárhagsupplýsingar á verðlagi yfirstandandi árs. Fram komi við hvaða vísitölu er miðað.



- c. Bent var á að almennur texti á enska hluta vefsins sé gallaður. Verið er að vinna í uppfærslu á síðunni til samræmis við almenna hlutann í íslensku útgáfunni. Keypt var ensk þýðing í haust og var hún afhent um áramót.
- d. Ákveðið að skoða hvort hægt er að bjóða meistaranema í umhverfis- og auðlindafræði að vinna einstök verkefni í starfsnámi. Nokkrar tillögur nefndar. T.d. samanburður verkefnis við opinbera stefnumörkun og gæðakerfi fyrir vöktunarverkefni. Starfsmenn vinna þetta áfram.
- e. Úttekt Harðar Haraldssonar frá 2012 hefur aldrei verið birt á heimasíðu verkefnisins og úrvinnsla úr rýni hans ekki heldur. Ákveðið að birta þessi gögn á síðunni.

Verkefni	Ábyrgur:	Ljúkist fyrir
Kanna hvort dagsetning ársfundar gengur	Allir	31. janúar
Biðja bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs að sjá um fundarstjórn á ársfundi	Freyr	7. febrúar
Bóka fundarsal fyrir ársfund	Sigrún	31. janúar
Gera tillögu um fyrirlesara á ársfund	Hjalti	28. febrúar
Taka saman hvaða vísar breytast við það að Hagstofa telur Höfn nú með Suðurlandi.	Lilja	15. febrúar
Skoða möguleika á að fá meistaranema í starfsnámi við verkefnið.	Guðrún	28. febrúar
Setja úttekt Harðar Haraldssonar á heimasíðu ásamt úrvinnslu úr rýninni	Sigrún	31. janúar

Fylgiskjöl:

